



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

## **Fundargerð Æskulýðs- og íþróttanefnd. 3. fundur.**

Fundur haldinn í Íþróttamiðstöð 17. jan. kl 17:00

Mættir: Kristján Stefánsson, Magnús Stefánsson í stað Ólafar Ellertsdóttur, Sigurður Bøðvarsson boðaði forföll og varamaður hans gat ekki mætt. Þá sat Jóhannes Steingrímsson fundinn. Kristján ritaði fundargerð.

### **1. Fjárhagsáætlun 2005.**

Rætt var um fjárhagsáætlun fyrir 2005 og leiðir til að draga úr rekstrarkostnaði. Nefndarmenn og umsjónarmaður íþróttamiðstöðvarinnar leggja til að hafa lokað á föstudögum yfir vetrarmánuðina og stytta opnunartíma um einn tíma að morgni og einn tíma að kvöldi yfir sumarmánuðina. Einnig að taka annan pottinn úr rekstri yfir veturinn, aftengja hann og loka.

### **2. Önnur mál.**

Umsjónarmaður íþróttamiðstöðvar hvattur til að reyna með einhverjum hætti að auka notkun á íþróttahúsi og þreksal.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Kristján Stefánsson  
Magnús Stefánsson